

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 20. október 2022

Mál nr. E-5935/2021:

A

(Kári Valtýsson lögmaður)

gegn

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Kristín Edwald lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð þess, þann 27. september sl., var höfðað með stefnu, birtri þann 15. desember 2021, af stefnanda, A, [...], á hendur stefnda, Sjóvá Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík.

Stefnandi gerir í málinu aðallega þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 4.901.673 krónur, með 4,5% vöxtum samkvæmt 1. mgr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af 1.974.818 krónum frá 1. apríl 2020 til 17. september 2020, en af 4.901.673 krónum frá þeim degi til 28. október 2021, og með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi til greiðsludags, að frádregnum greiðslum, 15. október 2021, að fjárhæð 748.929, og 18. október 2021, að fjárhæð 812.442 krónur.

Til vara krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 3.580.448 krónur, með 4,5% vöxtum samkvæmt 1. mgr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af 1.998.798 krónum frá 1. apríl 2020 til 17. september 2020, en af 3.580.448 krónum frá þeim degi til 28. október 2021, og með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags, en að frádregnum greiðslum frá stefnda, 15. október 2021, að fjárhæð 748.929, og 18. október 2021, að fjárhæð 812.442 krónur.

Þá krefst stefnandi enn fremur í báðum tilvikum málskostnaðar úr hendi stefnda, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, og þá eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst aðallega sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi, en til vara að dómkröfur stefnanda sæti lækkun og málskostnaður falli niður.

Ágreiningsefni og málsatvik

Málavextir eru þeir að stefnandi varð fyrir vinnuslysi 1. apríl 2020, er hann var við vinnu hjá þáverandi vinnuveitanda, X, sem er váttryggingartaki hjá stefnda. Slysið átti sér stað þá stefnandi var að aðstoða verkstjóra sinn, B, við að losa hjöruliðskross úr drifskaftri á vinnustaðnum. Hélt stefnandi á drifskaftinu á meðan verkstjórinn þvingaði úr

því kross með því að pressa niður stöng, en við það skaust toppur sem notaður var í úlnlið stefnanda.

Fyrir liggur að stefnandi fór þegar í kjölfar slyssins á bráðamóttöku LSH þar sem tekin var röntgenmynd af honum er sýndi að ekki var um brot að ræða. Á slysdegi gaf læknir út læknisvottorð til atvinnurekanda vegna fjarvista, þ.e. um að stefnandi væri óvinnufær með öllu frá 1. apríl til 10. apríl 2020. Þann 15. apríl var svo gefið út annað læknisvottorð er framlengdi óvinnufærni stefnanda til 30. apríl 2020. Þá liggur fyrir að stefnandi tilkynnti stefnda um slysið með tjonstilkynningu 16. apríl 2020, þar sem hann lýsti meiðslum og líkamlegum afleiðingum þess sem „meiðsli hendi“, en einnig tilkynnti stefnandi slysið til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) þann sama dag.

Stefnandi kveðst hafa tilkynnt vinnuveitanda um fjarvistir sínar samdægurs og komið með vottorð á vinnustaðinn sem neitað hafi verið um viðtöku á. En vinnuveitandi stefnanda kveður sér fyrst hafa orðið kunnugt um þessi vottorð þegar stefnandi hafi sent yfirmanni sínum þau með tölvupósti 17. apríl 2020.

SÍ tilkynntu stefnanda 21. apríl 2020 að undirskrift og stimpil vinnuveitanda vantaði. Stefnandi sendi því 28. apríl 2020 skriflega beiðni til vinnuveitandans þar sem þess var farið á leit að fyllt yrði út eyðublað SÍ svo málið fengi framgang þar. Vísar stefnandi til þess að vinnuveitandi hafi ekki viljað undirrita tilkynninguna til SÍ.

Þann 29. apríl var enn gefið út læknisvottorð til atvinnurekanda vegna fjarvista um að stefnandi væri óvinnufær með öllu frá 1. apríl til 20. maí 2020, en þann dag gaf C sérnámslæknir jafnframt út læknisvottorð til atvinnurekanda vegna fjarvista um að stefnandi væri óvinnufær með öllu frá 20. maí til 30. júní 2020. Stefnandi var þá áfram óvinnufær með öllu alls frá slysdegi og til 17. september 2020.

Fyrir liggur að SÍ samþykktu bótaskyldu vegna slyssins þann 8. október 2021. Stefnandi sendi þá inn umsókn um greiðslu bóta frá SÍ og staðfesti stofnunin móttöku umsóknar hans um örorkubætur vegna slyssins 12. október 2021. En stefnandi hafði þá ekki enn verið metinn vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku sinnar hjá SÍ.

Þá óskaði stefnandi, 2. júní 2020, eftir afstöðu stefnda til skaðabótaskyldu vegna atviksins. Stefndi hafnaði skaðabótaskyldu sinni í tölvupósti 8. september 2020, með vísan til þess að slysið yrði rakið til óhappatilviljunar en ekki sakar váttryggingartaka og væri það því ekki bótaskyldt úr frjálsri ábyrgðartryggingu hans, auk þess sem stefndi taldi vera óljóst að eiginlegt tjón hefði átt sér stað. Var stefnanda þá leiðbeint um að hann gæti skotið málinu til dómstóla eða til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum.

Skaut stefnandi ákvörðun stefnda um að hafna bótaskyldu til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum, með málskoti 30. september 2020. Stefndi sendi inn greinargerð sína til nefndarinnar 2. nóvember 2020. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum kvað svo upp úrskurð í máli nr. [...] /2020 hinn [...] nóvember 2020, og var niðurstaðan sú að stefnandi ætti rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu váttryggjanda hjá stefnda. Stefndi tilkynnti stefnanda í tölvupósti 8. desember 2020 að stefndi hygðist ekki hlíta þessu. Í

tölvupósti stefnda til nefndarinnar kom fram að stefndi teldi að tilkynningar- skylda hefði ekki stofnast í málinu og því væri niðurstöðu nefndarinnar hafnað.

Stefnandi óskaði þá, 23. mars 2021, eftir mati á afleiðingum slyssins og voru þeir D læknir og E lögmaður fengnir til þess að meta varanlegar afleiðingar þess. Í matsgerð þeirra, sem lá fyrir 24. september 2021, var niðurstaðan sú að stefnandi væri metinn til 5% varanlegrar örorku og 4 stiga miska, með stöðugleikapunkti 17. september 2020, auk þess sem tímabundið atvinnutjón og þjáningabætur voru metnar fyrir tímabilið frá 1. apríl 2020 til 17. september 2020.

Með bréfi, dags. 1. október 2021, gerði stefnandi kröfu á hendur stefnda um bætur úr slysatryggingu launþega þar sem farið var þess á leit að stefndi myndi greiða bætur úr sammingsbundinni slysatryggingu til samræmis við framangreinda matsgerð frá 24. september 2020, auk þess að greiddir yrðu dagpeningar sem stefnandi ætti hjá stefnda vegna slyssins. Þá undirritaði stefnandi, með fyrirvara, uppgjör úr launþegatryggingu þann 7. október 2021, en stefndi greiddi stefnanda 812.442 krónur þann 15. október 2021 í örorkubætur úr slysatryggingu launþega og 748.929 krónur í dagpeninga með staðgreiðslu, eða samtals 1.561.371 krónu. Þar sem stefndi hefur ekki brugðist við kröfu stefnanda um uppgjör úr ábyrgðartryggingu telur stefnandi sig knúinn til að stefna þeim hluta kröfu sinnar fyrir dóm og freista þess að fá dóm fyrir henni.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Byggt sé á því að aðbúnaður á slysdegi hafi ekki staðist kröfur og verklagi verið ábótavant. Röng aðferð við verkið og skortur á viðhlítandi verkfærum hafi valdið slysinu. Í 13. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað nr. 46/1980 segi að atvinnurekandi skuli tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Í þessu tilliti beri m.a. að líta sérstaklega til framkvæmdar vinnu, véla, tækjabúnaðar, áhættumats, o.fl. Í 37. gr. laganna komi fram að haga skuli og framkvæma vinnu svo gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Í 42. gr. þeirra segi að vinnustaður skuli þannig úr garði gerður að þar sé gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Í 46. gr. segi að vélar, vélahlutar, ílát, geymar, katlar, áhöld, tæki, virki hvers konar og húshlutar, samstæður og annar búnaður skuli þannig úr garði gerður að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Fylgja skuli viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varði aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

Í tilviki stefnanda hafi ekki legið fyrir neitt áhættumat varðandi þann verkþátt sem unnið hafi verið að þegar slysið átti sér stað, sbr. 65. gr., sbr. 65. gr. a., í lögum nr. 46/1980, sbr. 4. gr. reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006. Í 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006 sé enn fremur áskilið að atvinnurekandi geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að áhald sem starfsmönnum sé ætlað að nota innan fyrirtækis hæfi verkinu sem inna skuli af hendi, eða sé hæfilega lagað að verkinu, þannig að starfsmenn geti notað áhaldið án þess að öryggi þeirra eða heilsu sé hættu búin. Við val á áhaldi eigi

atvinnurekandi að hafa til hliðsjónar þau sérstöku vinnuskilyrði, aðstæður og áhættu sem fyrir hendi sé innan vinnustaðar, þar á meðal áhættu á vinnusvæði og þá áhættu sem notkun viðkomandi áhalds hafi í för með sér.

Í tilviki stefnanda hafi ekki verið notuð tilskilin verkfæri og sú aðferð sem notuð hafi verið við verkið sé í ósamræmi við framangreind lög og reglur. Stefnandi hafi í umrætt skipti verið að aðstoða yfirmann sinn við að gera við drifskaft. Stefnandi hafi haldið á drifskafinu meðan yfirmaður hans hafi pressað niður stöng í drifskafinu til að ná krossinum af, en við verkið hafi verið notaður topplykill sem skrapp til og skaust í stefnanda. Hafi stefndi komið að athugasemdum hjá úrskurðarnefnd váttrygginga- mála og komi þar fram lýsing á slysinu eins og það horfi við stefnda. Þar segir:

„[...] voru málsskotsaðili og váttryggingartaki að losa kross úr drifskafinu en ekki að losa boltana sem festa drifskafið við bílinn. Fyrst er drifskafið losað frá og síðan er það flutt í pressu þar sem krossinn er þvingaður úr með aðstoð topps. Þetta eru sem sagt tvö aðskilin verk unnin á sitt hvorum staðnum. Váttryggingataki hefur rekið verkstæði í áratugi og kveður hann verklagið sem viðhaft var vera hefðbundið og því mótmælt að röng verkfæri eða verklag hafi leitt til slyssins. Þegar umrætt slys átti sér stað þá stóð váttryggingataki og tjónþoli sem sagt við pressu með drifskafið. Váttryggingartaki fyrir framan þar sem hann sá um að þvinga krossinn í láréttri stöðu. Ekki vildi betur til en toppurinn sem notaður var til verksins skrapp til og lenti í hendi tjónþola. Ekki er vitað nákvæmlega hvers vegna það gerðist en váttryggingataki telur að mögulega hafi komið einhver halli á drifskafið með þessum afleiðingum.“

Stefnandi telji einmitt það hlutverk sitt að halda drifskafi láréttu með framangreindum hætti vera á skjön við almennt verklag og að slíkt verklag sé beinlínis hættulegt og bjóði hættunni heim, enda hætta á að verkfæri skjótist í þann sem haldi drifskafinu með þessum hætti. Stefnandi bendi enn fremur á að undir rekstri málsins hjá úrskurðarnefnd váttryggingamála hafi stefndi sent vefslóð með skýringar- myndbandi, af vefsíðunni Youtube, þar sem viðlíka viðgerð hafi verið framkvæmd af hálfu manns er notað hafi til þess sams konar pressu og í þessu tilviki. Í myndbandinu sé verklagið þó frábrugðið enda maðurinn í myndbandinu einn að verki og noti ekki topp til að losa krossinn. Verði sú háttsemi að teljast varhugaverð að vinnuveitandi stefnanda hafi, í krafti boðvalds síns sem yfirmanns, falið stefnanda að halda á þungu drifskafi meðan hann hafi reynt að þvinga krossinn af. Að mati vinnuveitanda virðist orsök slyssins einmitt vera sú að einhver halli hafi komið á drifskafið og þannig hafi toppurinn skroppið til. Fáist ekki betur séð af lýsingu vinnuveitanda sjálfs en að það hafi verið vinnulagið og aðferðin við verkið sem valdið hafi slysinu. Verklag hér hafi því verið rangt og í ósamræmi við reglur. Stefnandi hafi verið að aðstoða yfirmann sinn, verið undir hans boðvaldi og hlýtt tilmælum hans um að vinna verkið með því verklagi sem lagt hafi verið upp með þegar hjöruliðskross hafi verið losaður frá drifskafinu. Afleiðing þessa hafi síðan orðið sú að stefnandi hafi slasast og beri vinnuveitandi hans ábyrgð á verklaginu og sé því skaðabótaskyldur vegna slyssins.

Þá hafi slysið hvorki verið tilkynnt til lögreglu né heldur til Vinnueftirlits ríkisins, en stefnandi hafi strax orðið óvinnufær og honum verið ekið til aðhlynningar á spítala. Þar sem vinnuveitandi hafi ekki tilkynnt um slysið til Vinnueftirlits ríkisins hafi það ekki rannsakað slysstað og aðstæður á slysdegi, eins og skylt sé að gera samkvæmt 79.–81. gr. laga nr. 46/1980. Réttaráhrif þess samkvæmt dómafordæmum Hæstaréttar Íslands séu þau að fullyrðingar stefnanda um aðstæður og verklag á slysdegi séu lagðar til grundvallar komi til þess að stefndi geri ágreining um aðstæður á slysdegi.

Stefndi hafi haldið því fram í höfnunarbréfi sínu að félagið væri ósammála því að váttryggingartaka hefði borið að tilkynna slysið samdægurs og að það eigi að bera halla af sönnunarskortu í málinu. Sé það rökstutt með þeim hætti að yfirmaður stefnanda hafi ekki metið slysið alvarlegt. Þó hafi það verið svo að stefnandi hafi farið úr vinnu samdægurs og leitað læknaaðstoðar vegna áverka sem hann hafi hlotið. Stefnandi hafi ekki komið aftur til vinnu þann dag og ekki mætt daginn eftir. Óháð mati yfirmanns á alvarleika slyssins sé lagaskylda að tilkynna slys er valdi óvinnufærni í einn dag eða meira, sbr. 79.–81. gr. laga nr. 46/1980. Mat yfirmanns á alvarleika hafi ekkert vægi í málum sem þessum, auk þess sem það sé einkennilegt að yfirmaður á bifvélaverkstæði telji sig í stakk búinn til að meta alvarleika áverka eftir slys, en slíkt sé einungis á færi heilbrigðisstarfsmanna. Þá sé það torskiljanlegt að stefndi telji mat yfirmanns stefnanda á alvarleika slyssins á einhvern hátt firra hann skyldu til að tilkynna slysið. Vegna þess að slysið hafi ekki verið tilkynnt hljóti sönnun um tildrög þess og aðbúnað á slysdegi að byggjast á framburði stefnanda, og beri því vinnuveitandi hallann af sönnunarskortu að öðru leyti þar sem rannsókn fór ekki fram.

Framangreindur úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum nr. [...] /2020 sé afdráttarlaus hvað snerti réttaráhrif tilkynningarskyldu og það að hún hafi ekki verið virt. Þar segi að ekki sé ljóst af gögnum málsins hvers vegna toppur sá er notaður hafi verið við að losa krossinn hafi skotist í úlnið stefnanda, þar á meðal hvort það megi rekja til þess að halli hafi komið á drifskaftrið og af hvaða ástæðum slíkur halli hafi þá komið. Þá segi þar að ætla mætti að ef slysið hefði verið tilkynnt í samræmi við lög og viðhlítandi rannsókn farið fram á því og tildrögum þess hefði mátt eyða þessum vafaatriðum og ljóst hefði orðið hver væri orsök slyssins. Einnig segi þar að ekki verði útilokað, eins og málið liggja fyrir, að slysið verði rakið til ófullnægjandi verkstjórnar af hálfu yfirmanns stefnanda og á því verði vinnuveitandi stefnanda að bera ábyrgð.

Ekki sé þá tilefni til þess að líta til eigin sakar í tilviki stefnanda enda hafi hann í einu og öllu farið eftir verklagi því er fyrir hann hafi verið lagt af hálfu vinnuveitanda. Það að verklagið hafi verið í ósamræmi við lög og reglur sem og venjur sé ekki á ábyrgð stefnanda og því ljóst að ekki komi til þess að láta hann hér bera eigin sök.

Tjón stefnanda sé fullsannað enda liggja nú fyrir matsgerð þar sem orsakatengslum á milli slyss og áverka er stefnandi búinn við í dag sé slegið föstum. Í matsgerð sé einnig slegið föstu tímabundnu tekjutapi stefnanda vegna óvinnufærni hans í kjölfar slyssins, en matsgerðinni hafi ekki verið hnekkt. Röksemdum stefnda á fyrri stigum um að ekki

hafi verið um alvarlegan slysaatburð að ræða auk getgáta um að stefnandi hafi hlaupist úr starfi sé mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Þá séu gerðar athugasemdir við þær dylgjur sem hafðar hafi verið uppi á hendur stefnanda af hálfu vinnuveitanda í þá veru. Hið rétta sé að stefnandi hafi orðið óvinnufær í kjölfar slyssins og því ekki mætt til vinnu. Vinnuveitandinn hafi hins vegar gert allt sem í hans valdi hafi staðið til að leggja stein í götu stefnanda, þar á meðal neitað að skrifa undir tjónstilkynningu til SÍ.

Með vísan til alls framangreinds telji stefnandi vera ljóst að stefnda beri að greiða stefnanda skaðabætur í samræmi við framangreindar kröfur vegna vinnuslyss þess er hann hafi orðið fyrir 1. apríl 2020 við störf sín á bifreiðaverkstæðinu Y.

Aðalkrafa stefnanda sé byggð á matsgerð, dags. 24. september 2021. Útreikningur örorkubóta byggist á launatekjum 2019, uppreiknuðum miðað við 12 mánuði og að stöðugleikatímupunkti. Lífeyrissjóðsgreiðsla sé 11,5%. Tímabundið tekjutjón stefnanda miðist hér við meðallaun hans þrjá mánuði fyrir slysið, eða 509.417 krónur á mánuði, sbr. gögn málsins. Stefnandi hafi verið metinn til 5 stiga miska og til 4% varanlegrar örorku og geri stefnandi hér kröfu í samræmi við ákvæði 2. gr., 3. gr., 4., gr. og 5.–8. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, en dómkrafa stefnanda sundurliðist á eftirfarandi hátt:

Tímabundið tekjutap skv. 2.gr. skbl.	kr. 1.131.858,-
Þjáningabætur skv. 3.gr. skbl.	kr. 358.280,-
Varanlegur miski skv. 4. gr. skbl. 12.117.000 x 4stig	kr. 484.680,-
Varanleg örorka skv. 5.-8. gr. skbl. 6.451.793*9,07300 x 5%	kr. 2.926.855,-
Samtals	kr. 4.901.673,-

Gerð sé krafa um greiðslu 4,5% vaxta samkvæmt 1. mgr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 1. apríl 2020 til 17. september 2020, af 1.974.818 krónum, en það sé summa tímabundins tekjutaps, þjáningabóta og varanlegs miska, en með 4,5% vöxtum, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1993, af 4.901.673 krónum frá stöðugleikatímupunkti 17. september 2020. Dráttarvaxta sé krafist af allri kröfunni samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sbr. 3. mgr. 5. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá því mánuður var liðinn síðan krafa var send stefnda, eða 28. október 2021, að frádreginni innborgun að fjárhæð 812.442 krónur 18. október 2021.

Varakrafa stefnanda sé hins vegar byggð á lágmarksviðmiði 1. mgr., sbr. 3. mgr., 7. gr. skaðabótalaga, verði ekki fallist á árslaunaviðmið í aðalkröfu er byggi á 2. mgr. ákvæðisins um óvenjulegar aðstæður tjónþola, í tengslum við viðmiðunartekjur hans.

Stefnandi geri kröfu um að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað hans eins og málið væri eigi gjafsóknarmál en stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur.

Um bótaábyrgð vísist til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, einkum 13. gr., 37. gr., 42. gr., 46. gr., 65. gr., sbr. 65. gr. a., en einnig 79.–81. gr. Stefnandi byggi einnig á 4. gr. og 5. gr. reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006, á ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993, einkum 2. gr., 3. gr., 4. gr. og 5.–8. gr. Byggt sé á meginreglu skaðabóta- og váttryggingaréttar, lögum nr. 50/1993 og lögum nr.

30/2004. Stefnanda sé einum stefnt á grunni 44. gr. og 1. mgr. 45. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Um aðild stefnda vísist einnig til III. kafla laga nr. 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða V. kafla laga nr. 91/1991. Krafa um vexti byggist á 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Krafa um dráttarvexti byggist á lögum nr. 38/2001. Varðandi málskostnað vísist til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991, en um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun vísist til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir aðallega á því að stefnandi eigi ekki rétt til greiðslu skaðabóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu sem váttryggingartaki hafði keypt hjá stefnda og hafi verið í gildi á slysdegi. Stefnandi telur að slysið sé ekki að rekja til saknæmrar háttsemi váttryggingartaka og því séu skilyrði bótaábyrgðar hér ekki uppfyllt. Þá telur stefndi að með þegar greiddum bótum til stefnanda sé tjón hans að fullu bætt og eigi stefnandi ekki lögvarinn rétt til frekari bóta, en hann hafi þegar fengið greiddar bætur, samtals að fjárhæð 1.561.371 króna, úr slysatryggingu launþega, auk útlagðs kostnaðar.

Stefnandi beri sönnunarbyrði um orsök tjóns síns og um umfang þess en hafi ekki sannað að tjónið sé að rekja til saknæmrar og ólögætrar háttsemi váttryggingartaka. Þá séu ekki uppfyllt skilyrði laga til að draga úr sönnunarkröfum á hendur stefnanda.

Óumdeilt sé í málinu að stefnandi hafi haldið við umrætt drifskaf á meðan hann og yfirmaður hans hafi verið að taka úr því kross þegar óhappið hafi svo átt sér stað. Þá telur stefndi að þrátt fyrir að Vinnueftirlitið hefði verið kallað hér til hefði það engu breytt þar sem málsatvik liggi fyrir. Auk þess hafi meiðsli stefnanda strax í kjölfar slyssins ekki bent til þess að fyrirsjáanlegt væri að hann yrði lengi frá vinnu, þ.e. váttryggingartaki hafi ekki orðið var við nein alvarleg meiðsli, þrátt fyrir að stefnandi hafi kennt sér eymsla og ákveðið að fara til læknis. Hafi váttryggingartaki því átt von á að stefnandi myndi mæta til vinnu daginn eftir en hann hafi þá ekki mætt. Stefnandi hafi ekki látið váttryggingartaka vita af hverju hann hefði ekki mætt til vinnu og ekki látið yfirmann sinn ná í sig í síma. Hafi váttryggingartaki því litið svo á að stefnandi hefði hlaupist á brott úr vinnu. Hafi váttryggingartaki fyrst fengið vitneskju um það að stefnandi væri óvinnufær 17. apríl 2020, eða rúmum tveimur vikum síðar, þegar hann hafi fengið tölvupóst frá stefnanda um að hann væri að senda sjúkrahúsreikninga og læknisvottorð vegna málsins. Hafi tölvupósturinn komið flatt upp á váttryggingartaka. Tæpri viku eftir slysið, 7. apríl 2020, hafi stefnandi svo leitað til læknis vegna gruns um aðskotahlut í hálsi en í þeim gögnum sé ekkert minnst á meint vinnuslys stefnanda.

Stefndi mótmæli því að röng aðferð hafi verið viðhöfð við verkið og að skortur á viðhlítandi verkfærum hafi valdið slysinu. Um hefðbundið verklag hafi verið að ræða og hafi stefnandi ekki fært sönnur á annað. Þá hafði yfirmaður stefnanda rekið verkstæði í áratugi á slysdegi. Hafi skipti sem þessi, að taka kross úr drifskaf, oft verið gerð á verkstæði váttryggingartaka, og teljist slík skipti ekki flókin. Telji stefndi ekkert benda til þess að vinnu á verkstæðinu hafi ekki verið hagað svo að gætt hafi verið fyllsta öryggis

og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta, sbr. 37. gr. laga nr. 46/1980. Samkvæmt staðhæfingum stefnanda í matsgerð hafi hann lært bifvélavirkjun í heimalandi sínu, Póllandi, og hann á árunum 2010–2019 starfað þar sem bifvélavirki. Að því sögðu hafi stefnandi unnið við sambærileg störf og þau sem hann hafi unnið við er slysið varð í um áratug. Taka þurfi mið af reynslu og þekkingu stefnanda við mat á því hvort váttryggingartaki hafi sýnt af sér saknæma og ólögmetta háttsemi.

Ekki hafi verið sýnt fram á að váttryggingartaki hafi brotið gegn þeim ákvæðum reglugerðar nr. 367/2006 er stefnandi vísi til í stefnu, þ.e. að það áhald sem notað hafi verið við verkið hafi ekki hæft verkinu, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Stefnandi hafi ekki fært sönnur á að slíkt áhald hafi ekki hæft verkinu, þ.e. að drifskafitið hafi verið flutt yfir í pressu þar sem krossinn hafi verið þvingaður úr með aðstoð topps. Þá bendi ekki heldur neitt til þess að starfsmennirnir hafi ekki getað notað tækið án þess að öryggi og heilsu þeirra væri hætta búin. Hafi því ekkert komið fram í gögnum málsins sem bendi til þess að orsök slyssins verði rakin til þess tækjabúnaðar sem notaður hafi verið til verksins. Slíkum staðhæfingum sé því mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Um hafi verið að ræða hefðbundið verklag, sem oft hafi verið beitt, þar sem stefnandi hafi haldið við drifskafit á meðan hann og yfirmaður hans tóku úr því kross þegar óhappið átti sér stað. Gera verði þær kröfur til starfsmanna að sýna eðlilega varkárni við störf sín, sérstaklega faglærðra manna með mikla reynslu eins og stefnandi. Geti óhöpp komið til án þess að um vanbúnað sé að ræða á ábyrgð vinnuveitandans.

Telji stefndi að váttryggingartaki hafi ekki á nokkurn hátt brotið gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, hvorki 13. gr., 42. gr., né 46. gr. né öðrum ákvæðum laganna. Stefnandi hafi ekki fært sönnur fyrir því að vinnustaðurinn hafi verið þannig úr garði gerður að þar hafi ekki verið gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta, en annað teljist rangt og ósannað.

Það eitt að váttryggður hafi ekki gert áhættumat, sbr. 65. gr., sbr. 65. gr. a., í lögum nr. 46/1980, sbr. 4. gr. reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006, leiði ekki sjálfkrafa til þess að skilyrði saknæmis séu hér uppfyllt. Ekki hafi verið sýnt fram á það að váttryggingartaki hafi hér ekki farið eftir þeim reglum sem reglugerðin kveði á um.

Stefndi geti ekki heldur fallist á að fyrirlieggjandi óvinnufærnivottorð geti haft ríkt sönnunargildi, þar sem ekki sé tilgreind ástæða óvinnufærni eða áverka og ekki ljóst út frá hverju þau séu gerð, eftir frásögn stefnanda eða þá eftir vandlega skoðun læknis.

Með hliðsjón af framangreindu telji stefndi sýnt að slys stefnanda sé að rekja til óhappatilviks eða aðgæsluleysis stefnanda en ekki saknæmrar háttsemi váttryggingartaka. Sé skilyrðum bótaábyrgðar því ekki fullnægt og beri því að sýkna stefnda.

Ef ekki verður fallist á sýknukröfu stefnda sé gerð varakrafa um verulega lækkun bóta. Byggt sé á því að í ljósi langrar starfsreynslu stefnanda og þess að um einfalt verk hafi að ræða þurfi að líta til eigin sakar stefnanda, sbr. 23. gr. a. í skaðabótalögum nr. 50/1993. Vísist hér til þess er fram komi að framan til stuðnings aðalkröfu stefnda.

Þá hafi stefnandi ekki lagt fram skattframtöl til stuðnings kröfu um bætur vegna varanlegrar örorku. Sé krafan því í raun vanreifuð og kunní að valda frávísun án kröfu.

Stefndi mótmæli því að uppfyllt séu skilyrði til að beita 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Stefnandi telji að meta skuli árslaun vegna ákvörðunar um bætur fyrir varanlega örorku á grunni 2. mgr. 7. gr., en samkvæmt því ákvæði skuli árslaun metin sérstaklega ef óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi og ætla megi að annar mælikvarði en árslaun síðustu þriggja ára fyrir slys sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola. Bæði skilyrði þurfi þá að vera uppfyllt til að heimilt sé að beita 2. mgr. 7. gr., þ.e. að óvenjulegar aðstæður séu fyrir hendi, sem og að annar mælikvarði en meginregla 1. mgr. 7. gr. sé þá réttari á líklegar framtíðartekjur. Stefnandi, sem beri sönnunarbyrðina um að skilyrði 2. mgr. 7. gr. séu uppfyllt, hafi ekki sýnt fram á að svo sé.

Meginreglan um árslaun til ákvörðunar bóta fyrir varanlega örorku komi fram í 1. mgr., þar sem segi að þau skuli miðast við meðalatvinnutekjur tjónþola að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs þrjú síðustu almanaksár fyrir þann dag er tjón hafi orðið, leiðrétt miðað við launavísitölu til þess tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðist við. Stefnandi byggi kröfu um bætur fyrir varanlega örorku á launatekjum árið 2019, uppreiknuðum miðað við 12 mánuði að stöðugleikapunkti. Stefnandi hafi hins vegar ekki sýnt fram á að óvenjulegar aðstæður séu fyrir hendi og að árslaun ákveðin á grunni 1. mgr. 7. gr. gefi ranga eða ósanngjarna mynd af framtíðartekjum hans. Miða eigi við tekjur stefnanda síðustu þrjú ár fyrir slysið, sbr. 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, sbr. og 3. mgr. 7. gr. Af hálfu stefnanda hafi ekki verið lögð fram skattframtöl fyrir tekjuárin 2017–2019 og engar upplýsingar liggi fyrir um laun stefnanda á því tímabili.

Þá krefjist stefndi þess að þær greiðslur sem stefnandi hafi nú þegar fengið vegna dagpeninga séu dregnar frá tímabundnu tekjutapi, sbr. 2. mgr. 2. gr. skaðabótalaga. Stefnandi hafi fengið greidda dagpeninga með staðgreiðslu að fjárhæð 748.929 krónur frá stefnda, úr slysatryggingu launþega, vegna tímabundins tekjutaps. Beri því hér að draga þá fjárhæð frá tímabundnu tekjutapi og lækka kröfu stefnanda sem því nemi.

Mótmælir stefndi dráttarvöxtum frá fyrra tímamarki en dómsuppkvaðningardegi, sbr. 2. málslíð 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, þar sem réttmætur ágreiningur sé á milli málsaðila um grundvöll og fjárhæð kröfu stefnanda í málinu.

Um lagarök vísi stefndi til ákvæða skaðabótalaga nr. 50/1993, til laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og meginreglna váttrygginga- og skaðabótaréttar. Þá vísist til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða settra á grundvelli þeirra, þá einkum reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja. Um málskostnaðarkröfu vísist til XXI. kafla laga nr. 91/199, þá einkum 130. og 131. gr.

Niðurstaða

Ágreiningur málsaðila afmarkast annars vegar við mat á skaðabótaskyldu stefnda gagnvart stefnanda vegna umrædds tjónsatviks 1. apríl 2020, en hins vegar er deilt um árslaunaviðmið, teljist bótaskylda vera fyrir hendi, sbr. ákvæði 7. gr. skaðabótalaga.

Að öðru leyti hefur ágreiningur aðila skýrst mjög við meðferð málsins. Er þannig ekki ágreiningur um mat á líkamstjóni stefnanda sem leitt hafi af slysinu, 1. apríl 2020, sbr. matsgerð 24. september 2021, er lögð verður til grundvallar í því tilliti, né heldur um fyrirbyggjandi frádráttarliði vegna greiðslna stefnda til stefnanda, sbr. breyttar dómkröfur stefnanda, auk þess sem stefndi kveðst nú ekki byggja á sjónarmiðum um eigin sök stefnanda. Stefnandi gaf aðilaskýrslu í málinu, en vitnaskýrslur gáfu Á, D, E og B.

Í fyrsta lagi, hvað varðar ágreiningu aðila um bótaskyldu, þá liggur að mati dómsins nægilega ljós fyrir óvinnufærni stefnanda þegar í kjölfar slyssins, sbr. framangreind læknisvottorð vegna þess, dags. 1. apríl 2020, og svo síðari vottorð.

Málsaðilum ber hins vegar ekki saman um það hvort stefnandi hafi reynt að láta vinnuveitanda vita af þessari óvinnufærni sinni þegar eftir slysið. Stefnandi bar hér fyrir dómi að hann hefði í því skyni farið samdægurs aftur á vinnustaðinn með vottorð um óvinnufærni en yfirmaður hans hafi þá ekki viljað taka við því. Fær framburður stefnanda um þetta vissa stoð í framburði vitnisins Á, er kveðst hafa sótt stefnanda á bráðamóttöku á slysdegi og ekið honum á vinnustaðinn í [...], þar sem stefnandi hafi farið inn, en vitnið hafi síðan ekið stefnanda þaðan heim til sín. Yfirmaðurinn, vitnið B, kveðst hins vegar ekki kannast við þetta og ekkert hafa frétt af stefnanda eftir að hann fór á slysadeild fyrr en með móttöku tölvupósts frá honum 17. apríl 2020 en vitnið hafi í millitíðinni reynt að ná í stefnanda.

Hvað varðar síðan sjálft tjónsatvikið þá er um sumt nokkuð óljóst hvernig umrætt verk var nákvæmlega framkvæmt, t.d. hvort notaður var einn toppur, eins og vitnið B staðhæfir, eða þá tveir, eins og stefnandi heldur fram, en ætla verður að sú aðferð að nota tvo toppa við slíkt verk teljist öllu áhættumeiri og raunar ótrúlegt að mati dómsins að þannig hafi verið farið að m.t.t. venjubundins verklags. Milli aðila stendur þó þannig í grundvallaratriðum deila um það lykilatriði málsins, hvernig verkið var framkvæmt. Má þá í öllu falli færa sterkar líkur að því að slík atriði er lúta að framkvæmd verksins og aðstæðum á vinnustað hefði mögulega verið nærtækara að leiða í ljós með rétttri aðkomu Vinnueftirlitsins, sbr. sérstakan áskilnað í 79. gr. laga nr. 46/1980 um slíkt með könnun eftirlitsins á aðstæðum á slyssað. Er hér óumdeilt að það hafi ekki verið gert og verður að telja það vera á ábyrgð atvinnurekandans.

Verður í ljósi framangreinds fallist á með úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. úrskurð í máli nr. [...]/2020, frá [...]. nóvember 2020, að þar sem vinnuveitandi hafi ekki tilkynnt um slysið til Vinnueftirlits ríkisins hafi það ekki rannsakað slyssað og aðstæður á slysdegi, eins og skylt sé að gera samkvæmt 79.–81. gr. laga nr. 46/1980. Ætla má að ef slysið hefði verið tilkynnt í samræmi við lög og viðhlítandi rannsókn farið fram á því og tildrögum þess þá hefði mátt eyða þessum vafaatriðum. Mögulega væri þá ljóst hver hafi verið orsök slyssins, en við svo búið verður það ekki útilokað, eins og málið liggur fyrir, að slysið verði rakið til ófullnægjandi verkstjórnar af hálfu yfirmanns stefnanda, og á því verði vinnuveitandi stefnanda að bera ábyrgð. En eins og rakið er í

dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 582/2009 frá 12. júní 2008 hefur slíkur annmarki við rannsókn máls, sbr. lög nr. 46/1980, þýðingu í þessa veru.

Í þessu sambandi telur dómurinn að enn fremur verði að líta hér til framburðar vitnisins B sem kvaðst ekki geta útilokað að umrætt slys hefði átt sér stað sökum þess að hann sjálfur hefði ekki stillt toppinn rétt við framkvæmd verksins þó svo að allt eins kynni ástæðan að vera það hvernig stefnandi hélt þá við drifskafði.

Með hliðsjón af framangreindu þá telur dómurinn að túlka verði þennan vafa um framkvæmd verksins stefnanda hér í hag, m.t.t. mats á ólögmæti, gáleysi og orsakatengslum, og verður því með hliðsjón af öllu hér framangreindu að fallast á það að stefnandi eigi rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu vátryggjanda hjá stefnda.

Hvað varðar þá skaðabætur til handa stefnanda m.t.t. dómkröfu hans samkvæmt skaðabótalögum þá er hér deilt um rétt árslaunaviðmið í tengslum við útreikning bóta vegna varanlegrar örorku af völdum slyssins er óumdeilt liggur fyrir að metin er 5%.

Að mati dómsins verður að fallast á það með stefnda að stefnandi hafi ekki sýnt hér fram á að skilyrði séu til að ákvarða árslaun hans m.t.t. 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga þar sem verulega er áfátt allri framlagningu gagna af hálfu stefnanda um atvinnutekjur hans, stöðu hans og horfur á vinnumarkaði. Þannig liggja ekki fullnægjandi gögn fyrir í málinu um launatekjur hans undangengin þrjú ár, sbr. 1. mgr. sama ákvæðis, né heldur varðandi atvinnusögu hans almennt, þar á meðal á meðan hann bjó í Póllandi. Verður stefnandi óhjákvæmilega alfarið að bera hallann af þessum annmarka og verða árstekjur hans því hér miðaðar við lágmark 3. mgr. sama lagaákvæðis, sbr. bætur fyrir varnalega örorku í varakröfu stefnanda, en um þá framsetningu er ekki deilt tölulega.

Dómurinn fellst á aðra kröfuliði í dómkröfu stefnanda, þ.e. vegna varanlegs miska, þjáningabóta og tímabundins tekjutaps, enda sæta þeir ekki tölulegum ágreiningi, og sama gildir einnig um tvo framangreinda frádráttarliði vegna greiðslna til stefnanda. Þá verður enn fremur fallist á kröfur stefnanda um viðmið varðandi vexti og dráttarvexti eins og í dómkröfum hans greinir.

Að öllu hér framangreindu virtu verður það því niðurstaða dómsins að fallast beri á varakröfu stefnanda eins og hún liggur fyrir í málinu og nánar greinir hér í dómsorði.

Fyrir liggur að stefnandi nýtur gjafsóknarleyfis í málinu, dags. 24. ágúst 2021. Skal því allur þar til greindur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðast úr ríkissjóði, og þar með talin er málflutningsþóknun lögmanns hans, Kára Valtýssonar, sem ákvarðast 1.674.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Í ljósi dómsniðurstöðu verður stefnda enn fremur gert að greiða stefnanda málskostnað, alls 1.989.022 krónur, sem rennur til ríkissjóðs og er þá litið til málflutningsþóknunar sem og útlagðs kostnaðar.

Málið flutti fyrir stefnanda Kári Valtýsson lögmaður, en Kristín Edwald lögmaður flutti málið fyrir stefnda.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kvað upp dóminn, sem dómsformaður, ásamt með Birni L. Bergssyni héraðsdómara og Auðuni J. Guðmundssyni bifvélavirkja.

Dómsorð:

Stefndi, Sjóvá Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, A, 3.580.448 krónur, með 4,5% vöxtum samkvæmt 1. mgr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, af 1.998.798 krónum frá 1. apríl 2020 til 17. september 2020, en af 3.580.448 krónum frá þeim degi til 28. október 2021, og þá með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi til greiðsludags, en að frádregnum greiðslum 15. október 2021, að fjárhæð 748.929 krónur, og 18. október 2021, að fjárhæð 812.442 krónur.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, en þar með talin er málflytningsþóknun lögmanns hans, Kára Valtýssonar, 1.674.000 krónur.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, alls 1.989.022 krónur, sem rennur til ríkissjóðs.

Pétur Dam Leifsson

Björn L. Bergsson

Auðunn J. Guðmundsson